

1864.
13. janúar.

eru í skólanum í grísku og latínu og fyrir ritgjörðir og stýla í móðurmálinu sè tvöfaldað; svo hefir hann og stungið upp á, að ákvörðun sú, sem er í 18. grein skólaganna um ofdrykkju í skólanum, verði breytt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið í skjali hans¹.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það Johnsen skólameistara, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki finnur hvöt til að gjöra neinrar ráðstafanir útaf bréfi hans, og það því síður, sem bæði þau atriði, sem þar er um rætt, munu verða athuguð við hinar fyrirhuguðu almennari breytingar, er skólann snerta.

Stjórnarráðið notar tækifærið til að biðja yður að skýra sér frá, á hvaða konungsúrskurði eður stjórnarráðsákvörðun regla sú í skólaögunum er byggð, sem nú er stungið upp á að breytt verði.

14. janúar.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um kalknám í Esjufjalli.

Útaf bænarskrá, er hingað kom frá Sverri steinhöggvara Runólfssyni í Reykjavík, um 650 ríkisdala styrk úr ríkissjóðnum til að gjöra tilraun með að brenna kalk úr hinum krystalliseraða kalksteini, sem fundizt hefir í Esjufjalli, skoraði stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, í bréfi 3. marzm. f. á. að útvega nákvæmari skýrslur um þykkt og lengd kalknámans og um, hversu stórt horn hann myndar við haffötinn. Hefir stjórn-

¹) Ákvörðun sú, sem hér er til vitnað, er þannig: „einkum skulu þeir (lærisveinarnir) fordast alla ofnautn áfengra drykkja, og er það bein útrekstrarsök ef að því kveður til muna“. En nú hefir skólameistarinn stungið upp á, að svohljóðandi ákvörðun verði sett í staðinn: „Ofdrykkja straffast með Nul fyrir síðferði í 1. sinn; missi helmings ölmusu þeirrar, sem pilturinn hefir, í 2. sinn; missi allrar hans ölmusu í 3. sinn og útrekstri úr skóla í 4. sinn. Þeir sem ekki hafa ölmusu, straffast upp á sama hátt í 1. og 4. sinn, en dæmist til að borga kennslupeninga að upphæð eins og í dönskum skólum í 2. sinn, sem tvöfaldað í 3. sinn.“

arráðið síðan með bréfi yðar 10. októberm. f. á. meðtekið skýrslu um rannsóknir þær, er Hjaltalín jústizráð og Gunnlögsen yfirkennari hafa gjört í þessu efni, og um mælingar og reikninga hins síðarnefnda með tilheyrandi uppdráttum, og hafið þér uppá væntanlegt samþykki stjórnarráðsins látið borga honum 24 rd. í þóknun fyrir starfa sinn af því fê, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi.

Eptir að dómsmálastjórnin nú á ný hefir skrifazt á um málið við forstöðumenn fjöllistaskólans hér, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörði það Sverri Runólfssyni, að dómsmálastjórninni ekki þykir sá árangur hafa orðið af rannsóknum þeim, er gjörðar hafa verið um þetta efni, að hún geti veitt það, sem um er sótt, en því skal viðbætt, að stjórnarráðið fellst á, að þér hafið látið borga Gunnlögsen yfirkennara þóknun þá, sem að ofan er getið.

1864.

14. janúar.

5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar, um að senda skuli til konunglegrar staðfestingar einkaleyfisbréf og önnur skjöl, stýluð í nafni konungs, sem útgengið hafa frá dómsmálastjórninni.

14. janúar.

Samkvæmt allrahæstri skipun hans hátignar konungsins er hérmeð

1. Sérhver sá, sem hinn há sæli konungur, Friðrik hinn Sjöundi, hefir veitt nokkurt einkaleyfi eður nokkurt annað náðarleyfi, er heimilar honum, að því leyti er snertir verkahring dómsmálastjórnarinnar, stöðuga nautn sérstaklegra réttinda, er ekki eiga sér stað eptir hinni almennu löggjöf, og einnig sérhver, sem hinn há sæli konungur hefir veitt allrahæsta staðfesting nokkurs náðarleyfis, þess eðlis, er nú hefir sagt verið; og enn fremur
2. Sérhver sá, sem eptir allrahæstu umboði í nafni hins há sæla konungs og undir hinu konunglega innsigli hefir veitt verið leyfisbréf til að hafa lyfjasölubúð, eður til að vera umboðsmaður við skipbrot,